

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2190  
komudagur 8.5.2012

## Athugasemdir vegna Rammaáætlunar

Erla Erlendsdóttir [erlaerl@hi.is]

Sent: 8. maí 2012 21:43

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

---

Athugasemdir vegna Rammaáætlunar

Ég undirrituð, Erla Erlendsdóttir, er mótfallin því að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel að það eigi frekar heima í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni við höfuðborgina og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Einnig má geta þess að mikill fjöldi ferðamanna kom á svæðið síðastliðið sumar (um 120 þús.).

Það er einfaldlega rangt - ef ekki galið - að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði á tímum þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt er að ferðast um langan veg til að njóta óspilltrar náttúru. Náttúruvæði í námunda við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari en einmitt nú.

Eldvörp ættu einnig skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess má ekki undir nokkrum kringumstæðum hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðingarfyllst,

Erla Erlendsdóttir (kt. 300958-6999)  
Leiðsögumaður og fararstjóri  
Víkurási 1  
110 Reykjavík